



LÆSI ER LYKILL AÐ MENNTUN

Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Reykjavík
3. mars 2022

Ráðherrar, sendiherra og rektor,
dear guests from England,
aðrir góðir gestir.

Læsi er svo sannarlega lykill að menntun, lykill að velmegun, lykill að góðu gengi í samfélaginu, lykill að heilbrigðu sjálfstrausti hvers og eins. Eigi fólk erfitt með lestur er hætt við að því líði illa, að fólk fyllist vanmetakennd, að það njóti ekki alls þess sem hægt er að njóta í gegnum lestur, þetta hjálpartæki hugarins.

Þess vegna fagna ég því að þessi ráðstefna er haldin. Ég minnst þess að fyrir tæpum fimm árum sótti ég svipað þing á þessum stað. „Lestur er lykill að ævintýrum,“ var yfirskrift þess og viðfangsefnið það sama, að ræða leiðir til að efla lestur.

Ég óska ykkur öllum góðs gengis á þeirri vegferð, vona að við sem flytjum hér ávörp leggjum á þann hátt gott til málanna, vekjum athygli á brýnu viðfangsefni. Kannski við getum gert gagn með því að nefna hversu mikið gagn og gaman við höfum sjálf haft af því að lesa, frá blautu barnsbeini til þessa dags.

Sjálfur hef ég lesið frásagnir af forsetum sem voru miklir lestrarhestar. Abraham Lincoln las víst ríðandi á hesti, John F. Kennedy las á göngu, við matarborð og í baði, og meira að segja undir stýri en ekki ætla ég að mæla því bót. Þar vestra var Theodore Roosevelt líka sami bókaormurinn, heillaðist meðal annars af Íslendingasögunum.

Seint myndi ég líkja sjálfum mér við þessa skörunga en það á ég þó sameiginlegt með þeim að njóta lestrar, til að fræðast en ekki síður til yndisauka. Víst var það svo á mínum æskuárum að einhverjir jafnaldra minna áttu erfitt með lestur, áttu erfitt með að læra að lesa. Hugtakið lesblinda þekktist vart og eflaust var það svo að börn og ungmenni fengu ekki endilega þá aðstoð sem þau þurftu.

Ég þykist vita að ekki vanti viljann núna að gera betur, tryggja að ungvíðið fái lestrarkennslu við hæfi. Svo getur fólk greint á um bestu aðferðirnar til þess og smám saman hljótum við að átta okkur á því hvað gengur vel og hvað ekki. Allra síst viljum við það sinnuleysi eða þá hörku sem finna mátti fyrr á tíð.

En eitthvað verðum við að gera. Þess vegna erum við komin saman hér – aftur sum hver – að ræða um mikilvægi læsis. Það er eitthvað að. Það eru of mörg börn og ungmenni í samfélaginu sem ná ekki að læra að lesa sér til gagns. Það er líka svo margt annað sem glepur. Lestur er ekki sami lykill að afþreyingu og upplýsingum og áður fyrr. Símar og skjáir eru núna í boði og koma efni til skila á annan hátt, miklu áreynsluminni. Með áhorfi móttækur maður bara; maður þarf ekki að lesa, melta og ímynda sér. Hugurinn verður ekki endilega opinn, bara augun.

Kannski ýki ég hér aðeins en við þurfum að snúa vörn í sókn. Við skulum samt ekki mála skrattann á vegginn. Að horfa á myndband er góð skemmtun, eins og þulið var á vídeóspólunum forðum daga áður en myndin hófst. Snjallsímar og snjalltæki geta bætt líf okkar og menntun á svo marga vegu. En við verðum að geta lesið okkur til gagns, öll sem eitt. Við getum alveg náð því marki og það er ekki eins og öll nótt sé úti. Í hvert sinn sem ég fer á bókasafnið í minni heimabyggð sé ég þar annað fólk, ungt sem aldið, að lesa eða í leit að lesefni. Bókasöfn mættu þó vera notuð meira. Þau eru vanmetin auðlind, dýrmætur samkomustaður, forðabúr fræðslu og uppspretta afþreyingar. Ég las meira að segja þá frásögn einu sinni að ef maður gúgglaði orðið „hjálp“ væri vefsíða Borgarbókasafnsins það fyrsta sem kæmi upp.

Ég prófaði í gærkvöldi hvort sú væri enn raunin. Svo var ekki, því miður, en mér fannst ég samt fá jákvæð skilaboð úr þeirri leit. Efst á tölvuskjánum dúkkaði núna upp unglingabókin Hjálp eftir Þorgrím Þráinsson, rithöfundinn góða sem hefur látið sig læsi ungmenna miklu varða. Já, við skulum hjálpast að, þá er líklegra að við náum árangri.